



Orkustofnun

Bryndís G. Róbertsdóttir land- og jarðfræðingur

Grensásvegi 9

108 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2009/JÞ

ORKUSTOFNUN			
Skjalasafn			
Dagur, mótt.	05.03.2009	Abm.	US
Málarnúmer	2009020018	Aðrir	126
Skjalatýkili	22.12	---	10
Verknúmer	3340300	Trúin.	
Leiknúmer		Afrit til	

Varðar: Umsögn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði

Með bréfi, dags. 26. febrúar 2009 óskaði Orkustofnun umsagnar Faxaflóahafna um leyfi til töku efnis á þremur svæðum í Hvalfirði. Með bréfinu fylgdu fylgiskjöl þar sem nánar er gerð grein fyrir því hvaða námusvæði það eru sem óskað er umsagnar um. Námusvæðin eru:

- Við Brekkuboða
- Við Laufagrunn
- Við Kiðafell

Svar Faxaflóahafna er:

Þegar að Skipulagsstofnun óskaði á sínum tíma umsagnar Faxaflóahafna um tillögu að matsáætlun fyrir efnistöku af botni Hvalfjarðar var því svarað á eftirfarandi hátt:

“Öll þau svæði sem sýnd eru í matsáætluninni þar sem að efnistaka hefur farið fram á undanföllum áratugum og eða efnistaka er fyrirhuguð í framtíðinni liggja utan marka hafnarsvæðis Faxaflóahafna sf á Grundartanga. Efnistakan samkvæmt framlagðri matsáætlun hefur því líklega engin áhrif á hafnarsvæðið og hafnarstarfsemi á Grundartanga. Af hálfu Faxaflóahafna sf eru ekki gerðar athugasemdir við efni tillögu að matsáætlun varðandi efnistöku af botni Hvalfjarðar.”

Þessi námusvæði hafa verið nýtt til efnistöku um langan tíma og eins og fram kom við umhverfismat efnistökkunnar þá komu þar engar sérstakar athugasemdir fram. Ekki verður séð að hófleg efnistaka úr þessum námusvæðum hafi nein áhrif á hafnarsvæðið og hafnarstarfsemi á Grundartanga. Á þeim rökum eru af hálfu Faxaflóahafna ekki gerðar athugasemdir við leyfisveitinu til efnistöku úr þessum námusvæðum.

Virðingarfyllst,

Jón Þorvaldsson
aðstoðarhafnarstjóri



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt.	06.03.2009	Abm.	15
Malsnúmer	2009020018	Aðrir	ELR
Skjalalykill	2212	---	10
Verknúmer	3340300	Trún.	
Fskj./aths.		Afrit til	

Reykjavík, 04.03.2009
Tilv. 20.1.1/HVA
JS/sdk

Málefni: Beiðni um umsögn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði

Í bréfi Orkustofnunar frá 25. febrúar 2009 er óskað umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar við ofangreindu erindi frá Björgun ehf.

Björgun sækir um leyfi til bráðabirgða til að taka efni úr þremur námum í Hvalfirði, Brekkuboðanámu 210 þús. m³, Laufagrunnsnámu 75 þús m³ og Kiðafellsnámu 80 þúsund m³, alls 365 þúsund m³ af efni á tímabilinu mars til maí 2009.

Hafrannsóknastofnunin hefur í umhverfismati fyrir efnistöku í Hvalfirði bent á að huga þurfi að rannsóknum á búsvæðum flatfiskaungviðis á námusvæðum í Hvalfirði (sjá viðauka 4 í frummatsskýrslu um Hvalfjörð). Slíkar rannsóknir hafa ekki farið fram. Því telur stofnunin fulla ástæðu til að fara varlega í efnistöku á þessum svæðum.

Hafrannsóknastofnun telur rétt að benda á þessi atriði og leggur áherslu á að bráðabirgðaleyfi verði veitt í samræmi við nýlegan úrskurð Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Hvalfirði og að efnistaka sé gerð í samræmi við leiðbeiningar í ritinu "NÁMUR-Efnistaka og frágangur" (Umhverfissráðuneytið og fleiri 2002).

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is



Orkustofnun
Bryndís G Róbertsdóttir
Grensásvegur 9
107 Reykjavík

ORKUSTOFNUN Siglingastofnun			
Dags. mott.	05.03.2009		VS
Malsnúmer	2009020018		BGR
Skjalalykill	22.12		LO
Verknúmer	3340300		
Fskilvæðing			

Kópavogi, 04.03.2009
Tilv. 306
KH

Efni: Efnistaka af hafsbotni við Brekkuböða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði, umsögn.

Við er í bréf Orkustofnunar dagsett 25. febrúar 2009 og meðfylgjandi umsókn Björgunar ehf. frá 24. febrúar 2009 um nýtingarleyfi til bráðabirgða á ofangreindum efnistökusvæðum í Hvalfirði. Óskað er eftir umsögn Siglingastofnunar.

Siglingastofnun leggst ekki gegn umbeðinni leyfisveitingu en bendir á efnistaka af hafsbotni nærri strönd getur valdið auknu strandrofi.

Til að lágmarka áhættu er lagt til að efnistöku verði beint á þann hluta efnistökusvæða sem fjærst eru strönd. Jafnframt er lögð til vöktun á nærliggjandi strandsvæðum. Gripið verði inn í ef vart verður aukningar á strandrofi.

Virðingarfyllt
F.h Siglingastofnunar Íslands


Kristján Helgason



F I S K I S T O F N U N
Lax- og silungsveiðisvið
Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími 569 7900 • Fax 569 7990

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt.	05.03.2009	Ábmr.	VC
Malsnúmer	2009020018	Áðmr.	BGR
Skjalafalli	• • 22 12 •	---	10
Þekknúmer Ski./áms	3340300	Trúin.	
		Aflit.	

5. mars 2009

Orkustofnun
Grensásvegur 9
108 Reykjavík


Varðar leyfi til efnistöku af hafbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell

Í bréfi dagsettu 25. febrúar er leitað eftir umsögn varðandi umsókn Björgunar ehf. um efnistöku úr botni Hvalfjarðar. Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar varðandi mat á umhverfisáhrifum vegna þessarar efnistöku.

Undirritaður hefur áður fengið þetta mál til umsagnar frá Skipulagsstofnun vegna mats á umhverfisáhrifum. Í bréfi dagsettu 28. mars 2007 var ritað bréf vegna matsáætlunar til Skipulagsstofnunar en þar kom m.a. eftirfarandi fram : “Telja má að efnistaka á hafsbotni hafi lítil áhrif á hagsmuni í veiðimálum og ef efni væri ekki tekið á slíkum stað mundi verða vaxandi þrýstingur á efnistöku úr námum á landi eða úr árfarvegum, sem að jafnaði getur valdið meiri umhverfisáhrifum. Þó er hugsanlegt að gruggmyndun vegna botnvinnslu á vissum stöðum gæti haft áhrif á gengd laxfiska þó slíkt sé erfitt að rannsaka. Efnistökutími á vissum svæðum getur því skipt máli”.

Telja verður að ofangreind niðurstaða hafi ekki breyst að því er varðar hagsmuni í veiðimálum laxfiska.

Virðingarfyllst


Árni Ísaksson
forstöðumaður

ORKUSTOFNUN Skjalasafn		Ábmr.	U/
Dags. mótt.	10.03.2009	Áðnr.	BLR
Malsnúmer	2009020018	---	10
Skjalalýkill	22 12	Trúg.	
Verknúmer	3340300	Afrit til	
Fskj./athf.			



Orkustofnun
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 5. mars 2009

Tilvísun: Fvr 2009030011 IKM

Efni: Leyfi til efnistöku af hafsbótnei við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði.

Fornleifavernd ríkisins hefur móttengið bréf Orkustofnunar frá 26. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um umsókn Björgunar ehf. um nýtingarleyfi fyrir þrjú efnistökusvæði í Hvalfirði, þ.e. Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum efnistöku í Hvalfirði með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 7. nóv. 2008. Í frummatskýrslu var m.a. fjallað um þá þrjá staði sem hér eru tilgreindir. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins sagði m.a.: „Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við frummatskýrslu ofangreindrar framkvæmdar. Stofnunin vill þó vekja athygli á ákvæðum Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001) í þessu sambandi. Í 9. gr. laganna er skilgreining á fornleifum. Þar segir að til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Og að minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa. Í lagagreininni eru nefnd ýmis mannanna verk sem teljast til fornleifa. Meðal þeirra eru skipsflök eða hlutar úr þeim. Fornleifavernd ríkisins vekur einnig athygli á 10. gr. Þjóðminjalaga en þar stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og á 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*“

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða efnistöku við Brekkuboða,

Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði. Stofnunin vekur athygli á ákvæðum laga um áður ókunnar fornleifar sem um er fjallað hér að ofan.

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins



Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður



Kristinn Magnússon
Deildarstjóri



Umsögn frá Kjósarhreppi
Málsnúmer: 2009020018
Búið til: 06.03.2009
Skráð af: Bryndís Guðrún Róbertsdóttir

t-póstur

Bréfalyklar:

22.12 Srendur, fjörur,
landgrunn, hafsbót

Efni: Umsögn frá Kjósarhreppi

Tegund skjals: t-póstur

Efnisflokkur skjals: Almenn

Búið til: 06.03.2009

Dagsetning skjals: 06.03.2009

Sendandi

Netfang: Sigurbjörn Hjaltason <Oddviti@kjos.is>

Texti:

Frá: Sigurbjörn Hjaltason <Oddviti@kjos.is>

Dags: 06.03.2009 14:52:05

Til: "bgr@os.is" <bgr@os.is>, "valborg.steingrimsdottir@os.is" <valborg.steingrimsdottir@os.is>

Orkustofnun

Beiðni til Bryndísar

Á fundi hreppsnefndar Kjósarhrepps þann 5. mars sl. Vað erindi þitt tekið fyrir.

Eftirfarandi var fært í gerðarbók hreppsnefndar:

1. Bráðabirgðaleyfi til efnistöku úr Hvalfirði

Lögð fram beiðni frá Orkustofnun þar sem óskað er eftir umsögn Kjósarhrepps varðandi leyfi til bráðabirgðar til efnistöku af hafsbótum við utanverðan Hvalfjörð

Um er að ræða framlengingu á áður útgefnu leyfi til takmarkaðar efnistöku frá 5. september 2008 sem rann út þann 1. mars sl. Óskað er eftir framlengingu til 1.júní 2009 og til að nema á brott samtals 365 þúsund rúmmetra.

Afgreiðsla: Á grundvelli m.a. athugasemda Kjósarhrepps vegna frummataskýrslu Björgunar fyrir efnistöku á botni Hvalfjarðar telur hreppsnefnd Kjósarhrepps enga þörf á að heimila efnistöku úr Kiðafellsnámu þar sem kornastærð efnisins er það sama og á Laufagrunni. Auk þess er hægt að stunda efnisnám fjær landi á þeim slóðum og samrýmist það því sjónarmiðum hreppsnefndar að færa beri efnisnámið fjær strönd Hvalfjarðar til að koma í veg fyrir aukið landbrot af völdum efnistökkunnar. Fimmhundruð metra fjarlægð frá landi er algjör lámarksfjarlægð sem ásættanleg er og skoða beri að færa þau mörk fjær landi.

Þetta upplýsist hér með.

Sigurbjörn Hjaltason

Oddviti

s: 896 6984

<http://www.kjos.is>



KJÓS

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt	12.03.2009	Ábm.	VS
Malsnúmer	2009020018	Aðrir	BGR
Skjalalykill	22.12	---	10
Verknúmer	3340300	Trün.	
Fskl./ahts		Afrit til	



Orkustofnun
Grensássvegi 9
108 Reykjavík

9. mars 2009

Umsögn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuborða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði.

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dagsett 26. febrúar 2009 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Kjosarsvæðis um umsókn Björgunar ehf. um nýtingarleyfi fyrir ofangreind efnistökusvæði í Hvalfirði.

Staðsetning miðað starfsleyfisskylda starfsemi í Hvalfirði

Námur björgunar skv uppgefnum hnitum falla utan við það svæði þar sem starfsemi sem nú hefur starfsleyfi í Hvalfirði hjá Heilbrigðiseftirliti Kjosarsvæðis.

Umhverfisáhrif

Heilbrigðiseftirlitið telur mikilvægt að rannsakað sé samband næringaráhrifa og gruggmyndunar sem ef af líkum lætur gæti haft áhrif á þörungablóma og þá allt eins áhrif á eiturnyndandi þörungum sem mælast í kræklingum í Hvalfirði, nú allt fram í desember. Áhrif uppdælingar geta varað í einhverja daga þegar um finustu agnirnar eru að ræða sem jafnframt hafa væntanlega mest næringaráhrif.

Í sérfræðingaskýrslu „Efnistaka í Faxaflóa, lífríki botns nytjastofnar og hrygning“ sem fylgdi frummatsskýrslu Björgunar er gerð grein fyrir að sandfjörur og sandbotnar í grunnnum sjó gegni lykilhlutverki í vexti og viðgangi flatfiskastofna og að það sé mikilvægt að ganga úr skugga um að efnistaka rýri ekki nálægar sandfjörur. Heilbrigðiseftirlitið telur í ljósi þess mikilvægt að vöktun sé gerð á búsvæðum þessara lífvera. Vöktunarkafllinn er ekki nógu góður og þau rök að ekki eigi að vakta því ekki sé unnt að greina hvort breytingar á botndýralíf séu vegna starfsemi Björgunar eða af náttúrulegum ástæðum eru ekki góð. Vöktun segir til um ástand umhverfis sem við lífum í. Á grundvelli tiltekins neikvæðs ástands er hægt að grípa til mótvægisáðgerða því mannleg starfsemi hefur allaf einhver áhrif. Það er ekki óeðlilegt að starfsemi sem klárlega hefur áhrif á umhverfi sitt standi aðslíkri vöktun.

Á bls 33 kemur fram að gryfjur mundi fyllast af efni sem hefur minni kornastærð. Það sé framburðarefni sandur, silt og leir og grófara efni sem verður við niðurbrot stranda. Rýmun á sandfjörum hefur víðtæki áhrif á lífríki fjörunnar sem hefur keðjuverkandi áhrif á líf sem á því nærast. Það er eðlilegt að fyrirtækið láti framkvæma rannsóknir á strandrofi þar sem líklegast er að áhrifa uppdælingar megi vænta. Í skýrslunni kemur fram að námur hefi verið færðar til sem muni draga úr líkum á rofi. Lagt er til að það verði vaktað hvort þær hafi verið færðar nógu langt. Rétt þykir að benda á þessi atriði varðandi vöktun þó

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

aðkoma heilbrigðiseftirlits að þessum málum sé aðeins með óbeinum hætti þar sem heilbrigðisnefnd mun hafa skyldur vegna strandsjávar með tilkomu laga sem byggjast á vatnatilskipun Evrópusambandsins.

Þörf á að kanna tiltekin atriði frekar

Í umsögn heilbrigðiseftirlitsins um matsskýrslu sem eftirlitið hefur reyndar ekki séð svör við var bent á að svo virðist sem starfsemi Björgunar hafi haft leyfi án þess að nokkurt opinbert eftirlit hafi verið með starfseminni. Ekki kemur fram í frammatsskýrslunni hver hefur eftirlit með þessari starfsemi. Rétt er að greina frá í bráðabirgðaleyfi hvernig eftirliti verði háttað með starfseminni. Opinbert eftirlit hefur m.a. þann tilgang að lágmarka umhverfisáhrif. Í því sambandi væri að mati undirritaðs æskilegt að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga væri samráðsaðili vegna eftirlits.

Virðingarfyllst


Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgöngusvið

Orkustofnun

b.t. Bryndísar Róbertsdóttur

Grensásvegi 9

108 REYKJAVÍK

ORKUSTOFNUN			
Skjalasafn			
Dags. mótt.	11.03.2009	Abm.	VS
Málsnúmer	2009020018	Aðrir	BGR
Skjalalykill	22.12	---	LO
Skjalnúmer	3340300	Trún.	
---		Afrit til	

Reykjavík, 9. mars 2009

Tilvísun: 2009020397

Umsögn vegna beiðni Björgunar ehf. um bráðabirgðanýtingarleyfi þriggja náma í Hvalfirði

Umhverfis- og samgöngusvið vísar til bréfs Orkustofnunar dags. 25. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um bráðabirgðanýtingarleyfi fyrir Björgun ehf. til töku efnis úr þremur námum í Hvalfirði; Laufagrunn, Kiðafell og Brekkuboða.

Umhverfis- og samgöngusvið hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja. Sviðið telur að binda skuli bráðabirgðaleyfi í Laufagrunns og Kiðafellsnámum við þau skilyrði sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum efnistökkunar í Hvalfirði en þar segir að efnistöku við Laufagrunn og Kiðafell skuli hagað þannig að dælt verði sem næst útmörkum viðkomandi efnistökusvæða, s.s. sem næst miðju Hvalfjarðar þar til niðurstöður á rannsóknum á lífríki og öldufari liggja fyrir. Þá skal dæling takmörkuð við holudælingu, ekki yfirborðsdælingu í samræmi við fyrrnefnt álit. Umhverfis- og samgöngusvið gerir ekki frekari athugasemdir að svo stöddu en óskar eindregið eftir að fá nýtingarleyfi allra námanna til umsagnar, til að hægt sé að fjalla heildstætt um málið.

Virðingarfyllt

f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Svava S. Steinsdóttir

Svava S. Steinsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mótt.	11.03.2009	Abm.	VS
Málsnúmer	2009020018	Aðrir	BGR
Skjalalýkill	22.12	---	10
Verknúmer	3340300	Trún.	
Fskj./aths.		Afrit til	

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir,
land- og jarðfræðingur
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. mars 2009
Tilvísun: UST20090200141/bs

Bráðabirgðaleyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði. Umsögn


Visað er til bréfs Orkustofnunar dags. 24. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna útgáfu bráðabirgðaleyfis til efnistöku úr ofangreindum námum. Bráðabirgðaleyfið mun gilda næstu þrjá mánuði og á þeim tíma er ráðgert að taka 210.000 m³ úr námunni Brekkuboða, 75.000 m³ úr námunni Laufagrunni og 80.000 m³ úr námunni Kiðafelli.

Umhverfisstofnun telur að umrætt bráðabirgðaleyfi skuli vera háð skilyrðum sem fram koma í álit Skipulagsstofnunar dags. 25. febrúar 2009, mat á umhverfisáhrifum efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, en þar segir m.a.: "Skipulagsstofnun telur að leyfi til nýtingar á efni af hafsbotni í Hvalfirði næstu árin eigi að binda eftirfarandi skilyrðum:

1. Efnistöku á Laufagrunni, við Kiðafell, Eyri og Hálsnes verði hagað á þann hátt að efni verði dælt af hafsbotni sem næst útmörkum viðkomandi efnistökusvæða, þ.e. næst miðju Hvalfjarðar.
2. Dæling af botni verði takmörkuð við holudælingu, en yfirborðsdæling ekki leyfð, til að lágmarka áhrif efnistöku á lífríki hafsbotsins."

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Kristín Linda Árnadóttir
Förstjóri

ORKUSTOFNUN Skjalasafn			
Dags. mál	13.03.2009	Ábm.	VS
Málsnúmer	2009020018	Aðrir	PGC
Skjalalykill	22.12	---	10
Verknumér	3310300	Trún.	
Fekkrath.		Afrit til	

Byndís Róbertsdóttir
Orkustofnun
Grensásvegur 9
108 Reykjavík

HVALFJARÐAR
SVEIT



10.03.2009

s. 1/2

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes
Sími : 433 8500
Fax : 433 8501
Kt. 630606-1950

Erindi; Umsögn Hvalfjarðarsveitar varðandi leyfi til efnistöku við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði

Á fundi sveitarstjórnar 10. mars var eftirfarandi bókun gerð í 17. lið:

17. Beiðni um umsögn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði, erindi frá Orkustofnun dagsett 25. febrúar, sent umhverfis og náttúruverndarnefnd og skipulags- og bygginganefnd.

Efni: umsögn um leyfi til efnistöku af hafsbotni við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell í Hvalfirði.

Björgun sækir um tímabundið leyfi til nýtingar efnis úr ofangreindun námum. Félagið hefur látið fara fram mat á umhverfisáhrifum og hyggst sækja um áframhaldandi leyfi til nýtingar á jarðefnum af hafsbotni Hvalfjarðar á grundvelli matsins og álits Skipulagsstofnunar á því. Þar sem fyrirsjáanlegt er að einhvern tíma taki að fjalla um málið, sækir Björgun ehf. um tímabundið leyfi.

Þar sem umsóknin nær eingöngu til þriggja mánaða, eða fram til 1. júní nk. finnst Hvalfjarðarsveit rétt að skoða hvort ekki megi takmarka annars vegar efnismagnið (sem er 365.000 m³) og hins vegar þau svæði sem bráðabirgðaleyfið nær til en sótt er um að sækja efni í 3 svæði (Brekkuþóði, Laufagrunn og Kiðafell). Hvalfjarðarsveit telur að með því að takmarka bráðabirgðaleyfið, t.d. við eina námu og minna magn sé varla verið að skerða starfsemi félagsins og það geti því með nokkuð eðlilegum hætti stundað starfsemi sína meðan unnið er að útgáfu nýtingarleyfis til lengri tíma. Þá sé stuðst við þá niðurstöðu Skipulagsstofnunar að vinnslu sé stýrt á þann hátt að fyrst í stað verði efni dælt af hafsbotni sem næst útmörkum viðkomandi námu.

Með því að halda raskinu í lágmarki m.t.t. umfangs efnistökkunnar á þessu tímabili sem sótt er væntanlega möguleiki að halda neikvæðum áhrifum á vistfræðilega þætti í lágmarki, en skv. niðurstöðu Skipulagsstofnunar þarf að gera frekari rannsóknir til að hægt verði að meta vistfræðilegt gildi efnistökusvæðanna. Að öðru leiti gerir Hvalfjarðarsveit ekki athugasemd við nýtingarleyfi til bráðabirgða.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með

Með kveðju,

Laufey Johannsdóttir
sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar

laufey@hvalfjardarsveit.is

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Borgarbraut 14, Borgarnesi
Stillholti 16-18, Akranesi
kt. 550399-2299
Símar: 433-7117 433-1070

Borgarnesi, 11. mars 2009.

Orkustofnun
Bryndís G. Róbertsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík.

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HeV) barst erindi frá Orkustofnun, dags. 26.02.2009, þar sem óskað var umsagnar HeV vegna umsóknar Björgunar ehf. um nýtingarleyfi fyrir þrjú efnistökusvæði í Hvalfirði. Svæði þessi eru á Brekkuboða, Laufagrunni og við Kiðafell.

Með erindinu fylgdi matsskýrsla: Mat á umhverfisáhrifum efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði (jan 2009) samin af Mannviti.

HeV hefur á fyrri stigum komið að þessum málum og sendi Skipulagsstofnun umsögn vegna frummatsskýrslu í bréfi dags. 17.11.2008.

Þar kemur fram að HeV geri ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir því fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við umsókn Björgunar ehf. um nýtingarleyfi á ofangr. stöðum.

Virðingarfyllst,


frankv. stj. heilbrigðiseftirlits.